



Viðtakandi: Íþróttta -og útlífisráð Reykjavíkurborgar
Sendandi: Fjármálastjóri MÍR

Reykjavík, 26.8.2026

Minnisblað

Frávik frá tekjum í laugum vegna ófyrirséðra framkvæmda 2026

Frávik frá tekjuáætlun er verulegt það sem af er ári í þremur laugum. Vesturbæjarlaug hefur notið góðs af þeim framkvæmdum sem þar áttu sér stað á síðasta ári þar sem 3 nýir sauna klfar voru opnaðir og var aðsókn þar mjög góð framan af ári og jókst svo til muna við takmarkanir á gestafjölda í Sundhöll vegna umfangs úrbóta á búningasklefum karla og kvenna. Hér eru helstu magntölur og áhrif tíundaðar fyrir hverja laug frá janúar til júlí og áætlað tekjutap í ágúst miðað við stöðu í dag.

Laugardalslaug

Eftir að aðgengi að lauginni var takmarkað í lok júní vegna ástands stúku hefur gestum fækkað til muna. Einungis í júlí var aðgangseyrir um 18 m.kr. undir áætlunum. Þrátt fyrir það er laugin enn á pari varðandi tekjur það sem af er ári vegna góðrar aðsóknar fyrri hluta árs en frá og með ágúst fer að gæta verulegra áhrifa lægri tekna. Áætlað er að í ágúst verði tekjur vegna aðgangseyris um 20 m.kr lægri en áætlanir gera ráð fyrir. Vegna óvissu með upphaf framkvæmda og lengd þeirra er ómögulegt að spá fyrir um framhaldið þar sem mögulega þarf að loka lauginni alfarið fyrir allt annað en skólasund og sundæfingar. Að minnsta kosti má gera ráð fyrir að lækkun aðgangseyris muni nema að lágmarki 20 m.kr á mánuði á meðan á skerðingu stendur og enn meira ef loka þarf lauginni.

Sundhöll

Í Sundhöllinni er framkvæmdatími verið lengri og þar með lengri tími með takmörkun á fjölda þeirra gesta sem sótt geta lagina í einu. Fyrstu 6 mánuði ársins var tekjutap af aðgangseyri um 20 m.kr. undir áætlun. Í júlí náði laugin tekjumarkmið og má ætla að takmörkun í Laugardalslaug hafi haft þar nokkur áhrif á. Í ágúst er gert ráð fyrir að tekjur verði um 2 m.kr. undir áætlun

Vesturbæjarlaug

Ein og nefnt var í inngangi er staða Vesturbæjarlaugar mjög góð vegna mikillar aðsóknar allt árið. Erfitt er að meta hversu mikið af því er tilkomið vegna stórbættrar aðstöðu og svo takmarkana í Laugardalslaug og Sundhöll. Tekjur af aðgangseyri í Vesturbæjarlaug fyrstu 7 mánuðina námu um 20 m.kr. umfram áætlun. Í Ágúst er áætlað að tekjur Vesturbæjarlaugar v/aðgangseyris verði um 3 m.kr. yfir áætlun.

Eftir að tekjuaukning í Vesturbæjarlaug er dregin frá tapi í Laugardalslaug og Sundhöll er nettó staða tekna fyrstu 8 mánuði ársins um 37 m.kr undir tekjuáætlun í þessum laugum samanlagt.

Andrés B Andreassen
Fjármálastjóri MÍR



Reykjavík